

Tillaga A 1931/PRE  
Flytjandi Norræn vinstri græn  
Afgreiðsla Forsætisnefnd

## A 1931/PRE Þingmannatillaga um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd (NVG)

Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að vinna að því að tryggja framtíð Norðurlanda sem kjarnorkuvopnalaus svæðis  
að fullgilda kjarnorkuvopnabann Sameinuðu þjóðanna

### Bakgrunnur

Mun meiri hætta ríkir í heiminum eftir að Rússland hóf ólöglegt stríð sitt gegn Úkraínu í febrúar 2022. António Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lýsti því yfir í ágúst 2022 að hætta á kjarnorkustríði væri jafn raunveruleg nú og þegar kalda stríðið stóð sem hæst. Þetta er áminning um það hversu alvegjarleg staðan er í dag.

Kjarnorkuvopn eru verstu og ómannúðlegustu gjöreyðingarvopn mannkynssögunnar. Alþjóðasamfélagið hefur hingað til hvorki tekist að stöðva útbreiðslu kjarnorkuvopna né að fá kjarnorkuveldin til að afvopnast. Þess í stað er milljörðum varið í nútímavæðingu og þróun kjarnorkuvopna. Rannsóknir hafa sýnt svo ekki verður um villst að viðbúnað skortir til að bregðast við afleiðingum kjarnorkuvopna.

Kjarnorkuvopn og tilvist þeirra eru gríðarleg ógn fyrir alla heimsbyggðina. Hundruð kjarnorkuvopna eru nú tilbúin til notkunar með einungis nokkurra mínútna fyrirvara og hætta notkun þeirra fer sífellt vaxandi. Þegar hættuástand stigmagnast er viðbragðstíminn stuttur og óvissan um það hvort ógn steðji frá hefðbundnum vopnum eða kjarnorkuvopnum er mikil. Hætta á misskilningi er meiri en hægt er að sætta sig við.

Rússland verður að draga her sinn til baka frá Úkraínu án tafar og hætta hótunum um notkun kjarnorkuvopna. NATO ber fyrir sitt leyti ábyrgð á því að tryggja að kjarnorkuvopn verði ekki stærri hluti af átökunum sem nú standa yfir. Fjölgun kjarnorkuvopna í Evrópu og varnarmálaáætlun sem er byggð á staðsetningu kjarnorkuvopna á Norðurlöndum geta minnkað öryggi landa okkar. Nú standa öll Norðurlöndin saman sem aðildar- eða umsóknarríki NATO. Við aðstæður sem þessar



verða Norðurlönd að vinna saman að því að tryggja að þau verði áfram kjarnorkuvopnalaus svæði. Norðurlönd eru stolt af hefð sinni fyrir því að vinna að afvopnun og spennuminnkun. Það starf er nú mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

7. júlí 2017 samþykktu 122 ríki kjarnorkuvopnabann Sameinuðu þjóðanna. Bannið er bundið í víðtækan sáttmála sem leggur bann við hvers kyns tengslum við kjarnorkuvopn. Sáttmálinn tók gildi 22. janúar 2021 og samkvæmt 1. grein hans er meðal annars bannað að varðveita, geyma, flytja, taka við, hóta notkun, setja upp og dreifa kjarnorkuvopnum. Norðurlöndin verða að fara að þessu og ríkisstjórnir á Norðurlöndum þurfa að fullgilda kjarnorkuvopnabann Sameinuðu þjóðanna sem fyrst.

Norðurlönd bera ábyrgð á að vernda kynslóðir framtíðarinnar fyrir gjöreyðingarvopnum. Okkur á Norðurlöndum ber skylda til að vinna að kjarnorkuvopnalausum umhverfi.

Reykjavík, 6. september 2022

*Kathy Lie (SV)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Tobias Drevland Lund (R)*

*Christian Juhl (Ø)*

*Orrí Páll Jóhannsson (VG)*

*Veronika Honkasalo (VF)*

*Mariane Paviasen (IA)*